



20. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Þriðjudaginn 22. febrúar 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson *formaður* (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir *varformaður* (GNE), Birna Lárusdóttir *annar varaformaður* (BL), Guðni Hafsteinsson *gjaldkeri* (GH), Lárus Blöndal (LB) Einar Karl Birgisson (EKB), Herbert S. Arnarson (HSA), Jón Bender (JB), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Erlingur Hannesson (EH).

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Ásakanir á KKÍ

Þær ásakanir sem borist hafa á hendur KKÍ og formanni frá aðildarfélaginu Aþenu og þrýstihópnum Öfgar eiga ekki við að rök að styðjast. Farið hefur verið vel yfir ásakanirnar, það er afar leitt að Aþena hafi ekki tekið málið upp beint við KKÍ áður en farið var í fjölmiðla þó ekki væri nema bara til að spyrja og fá upplýsingar. Miklar umræður og því miður er ekki ljóst hver tilgangur sé með málinu annað en að vekja neikvæða umræðu um KKÍ og körfuboltann. Stjórn sammála að aðhafast ekkert frekar og lýsir yfir stuðningi við formann.

3. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur stjórnar 7. mars.